

Skipulagsstofnun  
b/t Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 1. apríl 2019  
UST201903-179/A.B.  
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn vegna Jarðstrengur - Þjónustumiðstöð Þingvöllum – rafhleðslustöð**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 19. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna lagningar 11 kV háspennustrengs.

**Framkvæmdin**

Í greinargerð kemur fram að RARIK áformar að leggja 11 kV háspennustreng frá spennistöð við Hakið meðfram þjóðvegi að gömlu heimreiðinni að Brúsastöðum og að bænum. Frá Brúsastöðum verður strengurinn lagður áfram að þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum. Auk þess kemur fram að strengurinn hefur viðkomu í núverandi línu að Skógarhólum en sá hluti línunnar mun standa um sinn. Strenglögnin er samtals um 6,2 km.

Markmiðið með verkefninu er að koma upp 3ja fasa rafmagni að þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum svo hægt sé að koma þar upp búnaði fyrir rafbílahleðslu en hraðhleðslustöðvar krefjast 3ja fasa rafmagns. Í greinargerð segir að til að mæta aukinni notkun ásamt því að koma á 3ja fasa rafmagni er besti möguleikinn í stöðunni að leggja streng frá Hakinu og að Þjónustumiðstöðinni, en nú þegar er farið að gæta spennufalls við þjónustumiðstöðina.

**Landslag og framkvæmdasvæðið**

Framkvæmdasvæðið sem hér um ræðir er innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum segir að jarðmyndanir, gróður og dýralíf á svæðinu skal vera friðað.

Stór hluti framkvæmdasvæðisins er hraun samkvæmt korti NÍ, sem fjallar um sérstaka vernd náttúruvæðisins (<https://serstokvernd.ni.is/>) og kallast Þingvallahraun og fellur hraunið undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gróður er þónokkur á svæðinu þar sem vistgerðirnar mosahraunavist og lynghraunavist eru ríkjandi.

### **Strengleið**

Í greinargerð kemur fram að á milli mælipunkta 9 og 49 verður strengurinn plægður eftir gömlu heimreiðinni að Brúsastöðum sem er malarslóði. Gróður í gamla slóðanum hefur verið að ná sér á strik, eftir að umferð um hann hætti, og með góðum frágangi munu umhverfisáhrif verða óveruleg m.t.t gróðurfars og jarðvegs. Slóðinn liggur á nútímahrauni, að mati Umhverfisstofnunar, sem fellur undir 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Frá mælipunkti 140 – 207 er farið yfir nánast óraskað land. Frá mælipunkti 140 – 150 er farið með hlíð sem kallast Trausti þar sem er graslendi með vistgerðina snarrótarvist sem er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Frá mælipunkti 150 – 207 er farið um nánast óraskað land þar sem vistgerðirnar mosahraunavist og lynghraunavist eru ríkjandi og er svæðið á nútímahrauni, að mati Umhverfisstofnunar, sem fellur undir 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess verður Öxará, Grímngilslækur og ónefundur lækur þveraður. Umhverfisstofnun telur að á þessari strengsleið verði neikvæð umhverfisáhrif.

Frá mælipunkti 212 – 242 verður strengurinn plægður eftir gömlum malarslóða. Gróður í slóðanum hefur verið að ná sér á strik í gamla slóðanum, sem er að mestu leiti ekki lengur í notkun, og með góðum frágangi munu umhverfisáhrif verða óveruleg m.t.t gróðurfars og jarðvegs.

Frá mælipunkti 252 verður farið með Þingvallaveginum niður í jarðstöð við Þjónustumiðstöð. Umhverfisstofnun bendir á að við Þingvallavegin á þessum stað eru fallegar jarðmyndanir og náttúrulegur birkiskógur sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Rask á jarðminjunum og birkiskógi munu hafa talsverð neikvæð umhverfisáhrif og er það óafturkræft.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun telur að hraunið á framkvæmdasvæðinu falli undir a. lið 2. mgr. og birki falli undir b. lið. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðisins sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að á þeim stöðum þar sem að þarf að leggja jarðstrenginn í hraun mun það hafa varanleg áhrif á jarðminjar og að áhrif framkvæmdarinnar verði því talsvert neikvæð og óafturkræf.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um 61. gr. náttúruverndarlaga í greinargerð og ekki er fjallað um hver áhrif framkvæmdanna verða á nútímahraun og birki sem njóta verndar. Umhverfisstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verði farnar til að raska ekki jarðminjum og birkitrjám.

Það er því mat Umhverfisstofnunar að tillagan sýni ekki fram á nægilega sterk rök sem réttlætir röskun á ofangreindum verndarþáttum sem framkvæmdin nær til að teknu tilliti til ákvæða 61.gr.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint fer stofnunin fram á það, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir raski.

### **Gróðurfar**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru á stengleiðinni m.a. vistgerðirnar snarrótarvist sem er með hátt verndargildi, mosahraunavist og lynghraunavist og eru vistgerðirnar með miðlungs verndargildi. Auk þess er á í þessum vistgerðum nokkurt fuglalíf.

Í greinargerð í kafla V. er fjallað um frágang verks og endurheimt gróðurs en þar segir: „*Samkvæmt verklagi RARIK er ekki farið í endurheimt gróðurs, heldur er jarðvegurinn látinn jafna sig sjálfur.*“ Umhverfisstofnun telur mikilvægt til að forðast talsverð umhverfisáhrif og að gróðurrask verði sem allra minnst á stengleiðinni, staðargróður verði endurheimtur eftir að framkvæmdum lýkur, unnið verði eftir vöktunaráætlun varðandi endurheimt á staðargróðri sem mótvægisáðgerðir.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega ef ákvarðað verður að framkvæmdin sé ekki matsskyld.

### **Fuglalíf**

Umhverfisstofnun bendir á að innan mosahraunavist og lynghraunavist eru fuglategundirnar heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), spói (*Numenius phaeopus*) sem eru ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>) Heiðlóa og spói eru friðuð samkvæmt lögum nr. 61/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að búsvæðum ábyrgðartegunda í tillögunni verði ekki raskað og að framkvæmdin verði unnin utan varptíma.

### **Mótvægisáðgerðir**

Umhverfisstofnun bendir á að ekkert er fjallað um mótvægisáðgerðir í kafla VI í greinargerð sem nefnist „*Verklag og mótvægisáðgerðir vegna jarðrasks*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um í framkvæmdalýsingu til hvaða mótvægisáðgerða verður gripið sem sporna gegn umtalsverðum umhverfisáhrifum.

### **Bakkagróður**

Í greinargerð kemur fram á fyrirhugaðri lagnaleið jarðstrengs þarf að þvera Öxará og Grímsgilslæk, auk þess þarf að fara inn á lækjarsvæði ónefnds lækjar.

Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að framkvæmdum verði hagað þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi árinna og gengið verði frá árbökkum eins og þeir voru fyrir lögnum strengsins.

### **Niðurstaða**

Umrædd framkvæmd fjallar um lagningu 6,2 km jarðstreng innan Þingvalla sem eru friðlýstir sem þjóðgarður samkvæmt lögum nr. 47/2004. Umhverfisstofnun bendir á að 1. gr. laga nr. 47/2004 segir: „*Þingvellir við Öxará og grenndin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga sem þjóðgarður.*“

Auk þess segir í 3. gr. laga nr. 47/2004 að jarðmyndanir, gróður og dýralíf á svæðinu skal vera friðað og telur Umhverfisstofnun að ákvæði laganna vera í samræmi við a. lið 2. mgr. og b. lið. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um 61. gr. náttúruverndarlaga í greinargerð og ekki er fjallað um hver áhrif framkvæmdanna verða á nútímahraun og birki sem njóta verndar. Umhverfisstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verði farnar til að raska ekki jarðminjum og birkitrjám.

Umhverfisstofnun telur að á þeim stöðum þar sem að þarf að leggja jarðstrenginn í hraun mun það hafa varanleg áhrif á jarðminjar og áhrif framkvæmdarinnar verða talsvert neikvæð og óafturkræf.


Auk þess er jarðstrengurinn plægður á stórum kafla í óraskað land og þar sem Öxará og Grímsgildlækur verður þveraður.

Umhverfisstofnun telur markmið framkvæmdarinnar göfugt og styður almennt uppbyggingu innviða til orkuskipta í samgöngum. En þar sem svæðið er innan þjóðgarðsins og felur í sér óafturkræft rask telur stofnunin að ekki hafi verið fjallað nægilega vel um aðra valkosti og mótvægisáðgerðir í tillögunni. Þar með eru umhverfisáhrif framkvæmdarinnar óljós og getur hún valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Með vísan til þess sem að framan segir, sérstaklega hvað varðar eðli og staðsetningu framkvæmdanna, telur Umhverfisstofnun framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum.

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur